

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um veikindi vegna rakavandamála í byggingum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mörg tilvik eru skráð þar sem fullorðnir og börn hafa veikt vegna rakaskemmda, myglu og ýmiss konar byggingargalla?

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum um skráð tilvik vegna veikinda sem rekja má til rakaskemmda, myglu og ýmiss konar byggingargalla hjá embætti landlæknis. Tölulegar upplýsingar sem bárust ráðuneytinu sýndu komur á heilsugæslustöðvar, sem náðu yfir tímabilið 2012–2022, komur á ferildeildir sjúkrahúsa, sem náðu yfir tímabilið 2010–2022, og innlagnir á sjúkrahús, sem náðu yfir tímabilið 2005–2022, þar sem ICD-10 sjúkdómsgreiningarkóðinn B46.5 myglusveppasýki, ótilgreind, var skráð í sjúkraskrá einstaklings. Einungis fundust skráningar vegna komu á ferildeildir og innlagnir á sjúkrahús hjá Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Í tilfelli viðtala við lækna á heilsugæslustöðvum voru skráð tilvik á tímabilinu 2012–2022 462 talsins. Var fjöldi viðtala mismikill eftir árum, frá 0 viðtölum (2014 og 2015) og upp í 133 viðtöl (2022). Fjöldi viðtala var að meginstefnu til stigvaxandi eftir árum. Sami einstaklingur gat komið oftár en einu sinni á ári í viðtal auk þess sem sami einstaklingur gat farið í viðtal á fleiri árum.

Í tilfelli koma á ferildeildir sjúkrahúsa voru skráðar komur á tímabilinu 2010–2022 34 talsins af jafnmörgum einstaklingum. Þá hafa 7 einstaklingar verið lagðir inn í 8 skipti á tímabilinu 2005–2022.

Skráðar upplýsingar eru ekki flokkaðar eftir aldri eða öðrum upplýsingum um þá einstaklinga sem leituðu til heilbrigðisstofnana og skráð einkenni voru undir áðurgreindum sjúkdómsgreiningarkóða.

Óvíst er hversu miklar leiðbeiningar heilbrigðisstarfsfólk hefur fengið um notkun lykilsins sem upplýsingarnar eru skráðar á og því ekki vitað hversu þekjandi skráningin er. Því er hugsanlegt að um vanskráningu sé að ræða.